

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Kaupangur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin nær til landspildu á jörðinni Kaupangur og er eftirfarandi:

Svæði sem er að hluta til skilgreint sem lögbýli, að hluta til sem opið svæði til sérstakra nota (tún og garðrækt) og að hluta til sem opið svæði óbyggt (útivist) verður íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir 10-12 íbúðarhúsum. Stærð svæðisins er um 3,5 ha.

Svæði sem er skilgreint sem lögbýli (fjós og hlaða) verður athafnasvæði s.s. fyrir léttan iðnað, verkstæði eða vöruheymslur. Stærð svæðisins er um 0,8 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.